

Sp.

216. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning á byggingarefni o. fl.

Flm.: Magnús Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Pétur Halldórsson, Einar Olgeirsson, Sigurður Kristjánsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að liðka svo til um innflutning á byggingarefni, að ekki þurfi að taka fyrir byggingu nýrra húsa af skorti á byggingarefni.
2. Að sjá um, að jafnan geti, vegna innflutnings- og gjaldeyrishaftanna, verið til nægilegt efni til viðhalds húsa og til verkstæðisvinnu, enda sé frjáls sala á því.
3. Að nota, eftir því sem við verður komið, faglærða iðnaðarmenn við þá iðnaðarvinnu, sem ríkið lætur framkvæma eða styrkir.

G r e i n a r g e r ð .

Það er fyrirsjáanlegt, þótt ekki væri nema af því, hve verð hækkar á byggingarefninu, að byggingar í Reykjavík hljóta að stöðvast að mestu eða öllu leyti. En á undanförunum árum hafa verið reistar hér 200—250 íbúðir á hverju ári, auk fjölda annara húsa. Um 900 faglærðir menn hafa starfað í byggingariðnaðinum, með um 4000 manns á framfæri sínu. Auk þess hefir fjöldi annara haft vinnu við þessar húsabyggingar, svo sem við grjót- og sandnám, akstur á byggingarefni, lögum lóða og margskonar aðstoð við verkið.

Hér eru því bersýnileg vandræði framundan fyrir fjölda manna. Og þessi vandræði, sem leiðir af óviðráðanlegum atvikum, aukast svo við það, að opinberar ráðstafanir hindra bæði innflutning á byggingarvörum og gera ýmiskonar trafala í verzluninni með þær.

Við þingmenn Reykjavíkur berum því fram tillögu þessa til þingsályktunar, þar sem farið er fram á, að þingið hlutist til um, að greitt verði eftir föngum fyrir því, að þeir, sem ráðast vildu í einhverjar framkvæmdir, þrátt fyrir hið háa verðlag, geti gert það. Er sérstaklega ástæða til að halda, að ýmiskonar aðgerðir á húsum gætu dregið nokkuð úr atvinnuleysi byggingariðnaðarmanna. Slikar viðgerðir eru ekki mjög frekar á byggingarefni, en gefa á hinn bóginn töluverða vinnu. Er þá nauðsynlegt, að fyrir liggi sem allra fjölbreyttast úrval af þeim vörum, sem þarf til viðgerðanna. Svo er og um ýmsa verkstæðisvinnu, að vinnan er þar hlutfallslega mikil horið saman við efnið, sem flytja þarf inn.

Þá teljum við og rétt og sjálfsagt, að ríkið dragi úr atvinnuleysi faglærðra iðnaðarmanna með því að nota þá sem mest við þau verk, þar sem það hefir hönd í bagga með um framkvæmdina og getur haft áhrif á mannaál.